

Nd.

24. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík.

Flutningsm.: Pétur Halldórsson, Tryggvi Þórhallsson, Haraldur Guðmundsson,
Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík. Kaupverðið sé 200000 — tvö hundruð þúsund — krónur, sem greiðast þannig: 50 þús. kr. þegar afsal er gefið og eftirstöðvarnar með jöfnum afborgunum á tíu árum og með 5% vöxtum. Skal jafnframt svo frá gengið, að seljendur eignarinnar verji andvirðinu til þess að reisa nýtt hús, sem jafnan verði í eign og til afnota fyrir góðtemplararegluna í Reykjavík og Stórstúku Íslands.